

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



18. mars 2021

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 148. mál á 151. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna okurs á tímum hættuástands

Hagsmunasamtök heimilanna eru hlynnt ofangreindu frumvarpi. Að mati samtakanna er það ólíðandi ef óprútttnir aðilar reyna að hagnast á hættuástandi með því að okra á nauðsynjavörum.

Auk þess sem efni frumvarps þessa nær til vilja samtökin benda á að okur á lánum heimilanna er að sama skapi ólíðandi á viðsjárverðum tímum, líkt og gerðist í kjölfar bankahrunsins árið 2008. Þetta tengist efni frumvarpsins með þeim hætti að allar hækkanir á vöruverði skila sér beint til hækunar á verðtryggðum lánum heimila, sem eru enn mjög útbreidd hér á landi.

Strax og heimsfaraldur kórónuveiru barst til Íslands brugðust samtökin við með kröfu til stjórnvalda um að sjá til þess að efnahagsleg áhrif nauðsynlegra aðgerða myndu ekki koma niður á heimilunum. Meðal annars með því að setja þak á verðbætur fjárhagslegra skuldbindinga heimilanna í samræmi við hóflegar viðmiðanir. Þessum kröfum var ekki svarað með öðru en fálæti af hálfu ríkisstjórnarinnar. Núna hefur verðbólga farið yfir vikmörk opinberra verðbólguþröskulda og hefur því skapast sú staða sem hefur á fyrri stigum verið sett fram sem forsenda þess að grípa þurfi til aðgerða.

Hækkanir á verði vöru og þjónustu hafa óhjákvæmilega áhrif á verðtryggðar skuldbindingar heimila. Það er því með öllu óréttmætt að slíkar hækkanir sem geta átt rætur að rekja til geðþóttaákvæðana eða spákaupmennsku hækki sjálfkrafa skuldir heimilanna. Allra síst þegar samfélagið stendur frammi fyrir utanaðkomandi ógn af áður óþekktu tagi. Þess vegna verður að stemma stigu við þeirri hækkan sem hefur orðið á verðtryggðum skuldbindingum af völdum faraldursins.

Hagsmunasamtök heimilanna ítreka hér með þá kröfu að heimilunum verði hlíft við þeim áhrifum sem leiða af kórónuveirukreppunni í formi hækunar verðtryggðra skuldbindinga heimila. Tíminn til að bregðast við er núna ef vilji er til að afstýra umtalsverðu tjóni á fjárhag heimilanna.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is